

Fundur haldinn í skólanefnd fimmtudaginn 15. febrúar 2007 á skrifstofu Tálknafjarðarhrepps, Miðtúni 1, kl. 17.00

Mætt undirrituð og fyrirtekið

1. Ýmsar upplýsingar varðandi skólann og skólalóð.

Spurt var um hvort eitthvað væri að fréttu af skólalóðinni, t.d. orkuvöllinn, ekki er komið svar frá Orkubúi Vestfjarða, en þeir voru beðnir um styrk, eins upplýsti Ingólfur að KSÍ væri væntanlegt með gervigras á sparkvöll 10. júní '07. Guðlaug S. Bj. kom með þá tillögu að gerð væri ráð fyrir að í framtíðinni yrði kannski stækkun við skólann t.d. að leikskólinn flytti niður eftir, áður en varanlegar framkvæmdir verða á svæðinu.

Talað var um hvernig mál stæðu í sambandi við sérfræðiþjónustu, en Ingólfi og Elísabetu var falið að vinna að málinu, samkv. Ingólfi er málið í vinnslu í samráði við oddvita.

Fyrri hluta fundar slitið kl. 17.40

Fundargerð upplesin og samþ. samhljóma.

Guðlaug S. Björnsdóttir (ritar fundargerð) .

Ingólfur Kjartansson.

Guðlaug Björgvinsdóttir.

Birna Ben.

Sigurlaug Guðmundsdóttir.

Andri Lefever.

Fundi áframhaldið kl. 17.41 í leikskólanefnd.

Mættir undirritaðir og fyrirtekið.

1. Erindi frá Elísabetu leikskólastjóra um opnunartíma leikskólans og starfsmannaráðningar.

Tveir starfsmenn hafa sagt upp störfum við leikskólann, annar fyrir hádegi, hinn eftir hádegi, ekki verður ráðið í stöðuna fyrir hádegi og ein umsókn er komin um stöðuna eftir hádegi, en sá einstaklingur getur ekki verið lengur en til 16.30. En þá er bara ein niðurstaða og það er að stilla opnunartímamann til 16.30 á meðan ekki fæst starfsmaður sem getur verið lengur.

2. Starfsdagur leikskólans

Erindi frá Elísabetur leikskólastjóra um starfsdag 16. mars 2007 og um styttri opnunartíma daginn fyrir (7.45 – 15.00).

Skólanefnd mæli með að þetta verði samþykkt.

Fundi slitið kl. 18.45

Fundargerð lesin og samþykkt.

Guðlaug S. Björnsdóttir

Elísabet Kjartansdóttir



Birna Ben.
Guðlaug Björgvinsdóttir